



**10. BEKKUR  
2008—2009**

## Námsskipan og valáfangar í 10. bekk skólaárið 2008 - 2009

Senn fer þessu skólaári að ljúka og nemendur í 9. bekk þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessu hefti eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði næsta skólaár og skýrt frá inntökuskilyrðum í framhaldsskóla.

Miðað er við að nemandi í 10. bekk hafi að lágmarki 37 kennslustundir á stundatöflu. Allir nemendur stunda nám í kjarnagreinum en gefst síðan kostur á að velja sér námsgreinar þar fyrir utan.

Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Fjöldmargar valgreinar eru í boði í Heiðarskóla í list- og verkgreinum en einnig í bóklegum greinum. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og gott er fyrir nemendur að skoða val sitt í því ljósi. Það getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til þess að námið verði fjölbreyttara. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Bent skal á að allar valgreinar hafa sama vægi og í lýsingunum á þeim kemur fram hvernig námsmati verður háttáð. Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Þær eru jafn mikilvægar og kjarnagreinar og sömu kröfur eru gerðar um ástundun og námsframmistöðu.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur reynst að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og er þá vara valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreininum og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti. Nemendur eru beðnir að skila undirrituðum valblöðum til umsjónarkennara í síðasta lagi 30. apríl 2008

Með góðum kveðjum.  
Skólastjórnendur.

## Samfélagsgreinar

### Staðbundin ferðamálafræði

#### **Markmið:**

-að nemendur þekki í stórum dráttum sitt nánasta umhverfi: sögu, örnefni, jarðfræði, gróður og dýra- og fuglalíf.

-að nemendur þekki nágrannabyggðir sínar: atvinnuhætti, íbúafjölda, sérkenni og sérstöðu, þjóðsögur og merkisstaði svo og kirkjur, söfn og orkuver.

#### **Kennsla:**

Farið í dagsferð að hausti um Reykjanesskagann. Í ferðinni er m.a.sagt frá landsháttum og sögu og unnið út frá því sem þar er að sjá. Fyrirlestrar um efnið. Nemendur vinna við einstaka þætti að eigin vali. Nemendur afla sér upplýsinga gegnum tölvu, með lestri bóka og/eða með viðtölum við íbúa (t.d. eldri borgara) eða bæjaryfirvöld hér og í nágrannabæjum. Nemendur vinna upplýsingaspjald um Reykjanesið og haldinn er hugarflugsfundur þar sem nýjar hugmyndir um möguleika þessa svæðis sem ferðamannastaðar eru ræddar. Að verkefnum loknum er farið í aðra ferð um Reykjanesskagann og þá þurfa nemendur sjálfir að vera leiðsögumenn.

#### **Verkefnakynning/námsmat:**

Nemendur kynna verkefni sín og námsmat byggist á þeirri vinnu. Nemendur meta eigin vinnu og frammistöðu. Einnig fer fram jafningjamat.

### Saga með áherslu á styrjaldir í fortíð og nútíð

#### **Markmið**

- að nemendur fái áhuga á að kynna sér sögu mannkyns
- að nemendur skilji áhrif fyrri styrjalda á landskiptingu/menningu í dag
- að nemendur kunni skil á heimsstyrjöldunum tveimur
- að nemendur fái hugmynd um kalda stríðið, njósnir, vígbúnaðakapphlaup stórveldanna, stjórn málasögu síðari tíma og þau áhrif sem þetta hefur á nútímann
- að nemendur skilji betur og fái aukinn áhuga á fréttum og atburðum samtímans, geti rætt þær og velt fyrir sér hugsanlegum áhrifum þeirra á framtíðina

#### **Kennslutilhögun**

Unnið verður með valda kafla úr námsefni áfangans. Auk þess verða lesin dagblöð, hlustað og/eða horft á fréttir í ljósvakamiðlum eftir því sem hentar. Tölvuleit og bókalestur á öllu efni sem tengist sögu, styrjöldum, njósnum eða öðru tengdu efni.

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, umræðna, hópverkefna, ritgerða og sýningu myndbanda. Unnin verkefni úr kvikmyndum. Langmestur hluti af vinnu nemenda fer fram í kennslustundunum.

#### **Námsmat**

Ritgerð um afmarkað efni 50% , lokapróf úr afmörkuðu efni 20%, vinna í tímum 10%, jafningjamat 10% og sjálfsmat 10%

### Saga popptónlistar

#### **Markmiðið er að nemendur:**

- fræðist um þróun rokktonlistar frá upphafi og fram yfir blómatímabilið
- læri fagleg vinnubrögð í heimildanotkun og frágangi texta
- þjálfist í að vinna í hóp
- þjálfist í framsögn og að kynna efni fyrir áheyrendum
- sýni frumkvæði og skipulagshæfni við öflun upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum um valin efni

**Kennslutilhögun:** Kennsla byggist á fyrirlestrum, hlustun og námsefni Hljóðspor. Verkefnavinna verður nokkur og nemendur vinna bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni.

**Námsmat:** Tvær kynningar 50%, verkefnavinna: 30%, hegðun og ástundun 20%



## Náttúrufræðigreinar

### Mannlíkaminn

#### **Markmið:**

Að nemendur:

- öðlist aukna þekkingu á starfsemi mannlíkamans
- öðlist aukna færni við verklega vinnu
- þjálfist sjálfstæð vinnubrögð
- læri skýrslugerð

#### **Kennslutilhögun**

Unnið bæði bóklega og verklega, krufning og athuganir. Við hvert efnisatriði verða einhverskonar skil, s.s. hugtakakort, kennaralegar spurningar, útdrættir og skýringarmyndir. Unnið verður bæði einstaklingslega og í hópum.

#### **Námsmat**

Verkefnamappa, sem inniheldur skýrslur, verkefni, vinnuferla o.fl. 70%, sjálfsmat nemenda 10%, ástundun, vinnubrögð og umgengni 20%

## Virkjum vísindin

### **Markmið:**

Að nemendur:

- öðlist nýja og dýpri þekkingu á náttúruvísindum
- þjálfí sjálfstæð vinnubrögð
- þjálfí samvinnu

### **Kennslutilhögun:**

Kennslan byggist á fræðslu, fyrirlestrum, sjálfstæðri efnisöflun nemenda í bókum og á neti og verklegum æfingum. Nemendur taka þátt í keppninni, „Virkjum vísindin hjá ungu fólki”. Á önninni undirbúa nemendur verkefni sem er framlag þeirra í keppninni.

### **Námsmat:**

Ástundun og vinnubrögð 30%, virkni í tímum 30% og verkefnið 40%

## Náttúrufræði

Farið verður dýpra í námsefni lífvísinda, eðlisvísinda og jarðvísinda. Áhugasamir nemendur fá tækifæri til að afla sér nýrrar og meiri þekkingar í greininni. Auk upprifjunar á námsefni fyrri ára. Valið er æskilegt fyrir þá sem hyggjast stefna á samræmt próf í greininni og framhaldsnám á náttúrufræðibraut.

**Námsmat:** Ástundun og vinnubrögð 30%, virkni í tímum 30%, verkefni 40%

## Náttúrufræði/tilraunir

Kennslan fer fram í formi tilrauna og verklegri vinnu tengt eðlis-, efna- og líffræði. Nemendur lesa sér til um ákveðið efni og gera tilraun um efnið. Nemendur gera skýrslu um tilraunina og sýna þannig fram á niðurstöður.

### **Markmið:**

Að nemendur:

- Fá tækifæri til að öðlast dýpri þekkingu á greininni, með beinni snertingu við viðfangsefnið.
- Læri að umgangast efni og áhöld sem fylgja tilraununum.
- Læri að þekkja þær hættur sem geta leynst í tilraunum.
- Læri skýrslugerð

### **Námsmat:**

Tilraunir og skýrslur 50%, vinnulag og umgengni 20%, áhugi og virkni 20%, ástundun 10%

## List- og verkgreinar

## Bakstur

### **Markmið**

Að nemendur þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum. Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum og þjálfí verklega færni.

### **Kennslutilhögun**

Nemendur baka gerdeig, hrært deig, þeytt deig, sætt og ósætt eftir mismunandi uppskriftum, frágangur.

### **Námsmat**

70% frammistaða í tímum, frágangur, samvinna, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 30% verklegt próf í lok annar.

## Matreiðsla

**Markmið:** Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum og þjálfí verklega færni.

**Kennslutilhögun:** Nemendur vinna sjálfstætt eftir uppskriftum undir eftirliti kennara.

Bakstur fara þau með heim en annað er borðað í tímanum. Nemendur vaska upp og ganga frá.

**Námsmat:** Frammistaða og hegðun í tímum, frágangur, samvinna, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum 70%. Verklegt próf í lok annar 30%.

## Fatasaumur

### **Markmið**

Að nemendur vinni sjálfstætt, nýti sér áunna þekkingu, læri vönduð vinnubrögð og þjálfist í að fara eftir skriflegum leiðbeiningum.

### **Kennslutilhögun**

Nemendur sauma eitt skylduverkefni þar sem unnið er með grundvallaratriði í fatasaum. Nemendur velja síðan verkefni í samráði við kennara. Nemendur rifja upp kunnáttu frá fyrra textílnámi, læra að lesa tákni og taka upp snið úr sniðablöðum.

### **Námsmat**

Skylduverkefni 30%, iðni, áhugi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð 30%. Önnur verkefni 40%

## Textíl

### **Markmið**

Að nemendur læri undirstöðuatriðin í þrjóni, hekli, útsaum og fatasaum. Læri að fara eftir skriflegum leiðbeiningum og einföldum uppskriftum.

### **Kennslutilhögun**

Í fyrstu tímunum vinna nemendur litlar prufur og setja í möppu. Nemendur velja sér síðan verkefni út frá þessum flokkum sem þeir fullvinna. Nemandi fær þjálfun í að móta hugmynd og vinna út frá henni fullinnið verk.

### **Námsmat**

Prufumappa 40%, verkefni 30%, iðni, áhugi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð 20%, heimavinna 10%

### **Gler**

#### **Markmið**

Að nemandinn

- þekki og kunni að nota þau verkfæri sem til þarf við vinnslu á glerverkefnum.
- nýti sér tölvutækni við hugmyndaleit.
- læri að búa til nytjahlut.
- geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs.
- geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefnið.
- hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu í áfanganum og vinnsluáferðum við glervinnslu.

### **Kennslutilhögun**

**Mósaik.** Nemendur kynnast og fá tilsögn um Mósaik. Nemendur mega nýta sér hugmyndir af veraldarvefnum og úr bókum við gerð verkefna. Nemendur fá kennslu í hvernig nota eigi verkfæri sem til þarf. Kennarinn verður með ákveðinn verkefni en nemendur ráða útliti hlutsins.

**Gler.** Nemendur kynnast glervinnu og fá bækling um gler ásamt ýmsu öðru. Nemendur eru æfðir í að skera gler og læra að þekja muninn á gleri. Nemendur fá að hanna sína eigin útfærslur á ýmsum glervörum og nota ýmis form og liti.

**Tiffanýs.** Nemendur eru kynntir fyrir Tiffanýs glervinnu og fá að hanna sinn eigin hlut í samráði við kennarann.

### **Námsmat**

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklægni og framförum á því sviði. Hvert verkefni er metið til einkunnar (50%), áhugi og hegðun (20%), iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

### **Skartgripagerð**

#### **Markmið:**

Að nemandinn

- þekki og kunni að nota þau verkfæri sem til þarf við gerð skartgripa
- læri að hanna og búa til skartgripa úr silfri
- nýti sér tölvutækni og bækur við hugmyndaleit.
- geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs.
- geti unnið sjálfstætt.
- hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á efnum og vinnsluáferðum við smíði skartgripa.

### **Kennslufyrirkomulag:**

Nemendur skoða gripi og bækur, rætt er um skartgripagerð og hvernig sú vinnsla fer fram. Nemendur hanna sjálfir sína gripi, teikna þá upp og yfirfæra þá á silfrið. Nemendur læra að saga út með silfursögum, læra að kveikja málma saman og læra almennt um alla vinnslu í skartgripagerð.

### **Námsmat:**

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklægni og framförum á því sviði. Frágangi skartgripa og allri vinnu við þá.

Hvert verkefni er metið til einkunnar (50%), áhugi og hegðun (20%), iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

### **Myndlist**

Valið í myndlistinni er hefðbundið myndlistarnám, hugsað eins og námskeið í listaskóla. Myndlistarnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Kennslan byggist á að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum. Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu. Nemendur kynnast listastefnunum Súrrealismi og Popplis og vinna sjálfstætt út frá listamönnunum Erro og Salvador Dali. Unnið út frá listasögunni skriflega og verklega, listasöfn og listamenn eru skoðaðir á netinu, í bókum, myndbandsspólum og DVD diskum. Farið á listasöfn og sýningar og listamenn ef til vill heimsóttir. Lögð er áhersla á öguð vinnubrögð.

**Námsmat:** Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, upprætti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 40%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

### **Myndlist/þrívídd**

Valið í myndlistinni er hefðbundið myndlistarnám, hugsað eins og námskeið í listaskóla. Myndlistarnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Kennslan byggist á að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum. Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu. Þrívídd: Mótað er á þrívíðan hátt úr pappmassa og lögð áhersla á öguð vinnubrögð. Unnið út frá listasögunni skriflega og verklega, listasöfn og listamenn eru skoðaðir á netinu, í bókum, myndbandsspólum og DVD diskum. Farið á listasöfn og sýningar og listamenn ef til vill heimsóttir.

**Námsmat:** Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, upprætti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkefni/vinnubrögð 40%, ástundun 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

## Veggjakrot, hvað er það?

Skissuvinna, teikning, hönnun, hugmyndavinna, myndræn tjáning.

Götumyndlist sem virðist vera að spretta upp sem eitt form myndlistar í dag.

Unnið verður á allt annað en veggj og nemendur reyna að átta sig á af hverju nútímamaðurinn hefur þörf fyrir að tjá sig með þessum hætti.

Veggjakrot er ekki endilega spreylist og verður ekki unnið með spreibrúsa í skólafestunni af heilsufarsástæðum.

Sjá eftirfarandi tengla:

[http://cityrag.blogs.com/main/ny\\_graffiti\\_steert\\_art/index.html](http://cityrag.blogs.com/main/ny_graffiti_steert_art/index.html)

<http://www.graffiti.org/faq/werwath/werwath.html>

Lokaverkefni verður gert með einföldu forriti svo sem Photo Story eða Power Point.

**Námsmat:** Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, upprættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 20%, lokaverkefni 20%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

## Teiknimyndagerð

Skissuvinna, teikning, hönnun, hugmyndavinna, myndræn tjáning.

Nemendur skapa myndasögu sem er saga sögð með myndum. Hægt er að gera myndasögu með hvaða formi sem er, letur er t.d. teiknað og raðað saman svo að við skiljum. Myndasagan hefur fylgt manninum, t.d. hellamálverkin, myndletur Egypta, stafróf Grikkja, ekki má gleyma Rúnalettrinu sem býr yfir innra samhengi, form og hugmynda og fleira mætti nefna.

Hellamálverkin, list Egypta, Grikkja eru skoðuð ásamt teiknimyndum nútímans.

Lokaverkefni verður gert með einföldu forriti svo sem

Photo Story eða Power Point.

**Námsmat:** Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, upprætti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 20%, lokaverkefni 20%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

## Dans 1

### Markmið

Að nemendur þekki mismunandi dansa og þekki tónlistina fyrir hvern og einn dans.

Að nemendur þekki mismunandi dansstöður og viti hvenær á að nota þær í mismunandi dönsnum.

**Kennslutilhögun.** Kennir/kynntir verða samkvæmisdansarnir ásamt gömlu dönsunum, línudansi og partýdönsunum. Námskeiðið endar með stóru sýningaratriði.

### Námsmat

Virkni 60 %, framfarir 20%, tillitsemi og jákvæðni 10%, tækni og skapandi ferli 10%

## Dans 2

Fyrir þá sem hafa verið í dansvali áður.

Haldið verður áfram þar sem frá var horfið í síðasta dansvali. Aukið verður við spor innan þeirra dansa sem nemendur lærðu áður. Kennnd verða flóknari spor með frjálsum tilþrifum og lyftum.

Sýning í lok námskeiðs.

### Námsmat

Virkni 60 %, framfarir 20%, tillitsemi og jákvæðni 10%, tækni og skapandi ferli 10%

## Tölvugrafík I *(kennð í Holtaskóla)*

Markmiðið er að kynna fyrir nemendum möguleika myndvinnslu í tölvum. Kennnd verður á forritið Photoshop elements. Að loknum þessum áfanga er gert ráð fyrir að nemendur geti unnið á markvissan og skapandi hátt við myndvinnslu í Photoshop.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum, skylduverkefni þurfa að klárast, iðni, jákvæðni, áhugi og sjálfstæð vinnubrögð.

## Tölvugrafík II *(kennð í Holtaskóla)*

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa klárað Tölvugrafík I. Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum, textagerð, grafískri plakatergerð og hreyfimyndagerð.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum, skylduverkefni þurfa að klárast, iðni, jákvæðni, áhugi og sjálfstæð vinnubrögð.

## Fatasaumur *(kennir í Myllubakkaskóla)*

### Markmiðið er að nemandinn

\* læri að taka upp snið

\* læri að leggja snið á efni

\* sníði og saumi flík

\* einnig að skreyta og bæta gamla flík

Snið og efni eru valin í samráði við kennarann.

Stefnt er að því að nemendur saumi á sig eina flík og skreyti t.d. gamlan bol eða skyrtu.

### Námsmat

Tekið verður tillit til þess hversu sjálfstætt nemendur vinna og hvernig þeir nýti sér áunna þekkingu. Hvernig þeir nota handbækur og tiltæk gögn. Til grundvallar við námsmat er vinna í tímum 30%, verkefni nemenda 30% og mæting 40%.

## Tónlistarnám

### Í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

## Íslenska og önnur tungumál

### Íslenskugrunnur

Farið verður í ítarlega í orðflokkanum 11 í íslensku, merkingarleg og formleg einkenni þeirra. Einnig verður farið í setningahlutagreiningu sem og setningarfræði.

**Markmið:** Nemendur hafi gott vald á að greina orð í orðflokka og í setningahluta. Einnig þarf nemandi að geta greint setningar í málsgreinum og tilgreint hvort um aðalsetningar eða aukasetningar er að ræða.

Námsmat: Stutt próf að loknum hverjum þætti. Nafnorð: 20%, fornöfn: 15%, sagnorð: 20%, lýsingarorð: 15%, smáorð: 15%, setningahluta- og setningarfræði: 15%

### Hraðlestur

#### **Markmið**

Að nemendur:

- fái meiri áhuga á lestri
- auki lestrarhraða sinn
- auki lestrarskilning sinn,
- geti lesið með mismunandi hraða eftir efni
- haldi áfram að æfa lestur eftir að vali lýkur

#### **Kennslutilhögun**

Nemendur æfa hraðlestur með ýmsum æfingum. Farið á bókasöfn. Heimalestur á hverjum degi.

#### **Námsmat**

Nemendur taka hraðlestrarpróf í upphafi annar og við lok annar. Árangur metinn. Einkunn samsett úr eftirfarandi þáttum: tímavinna 30%, framfarir 40%, lestrardagbók 30%

### Dansk er deilig

#### **Markmið**

Að nemendur öðlist meira öryggi í tungumálinu og auki þar með orðaforða sinn og færni jafnframt því að kynnst danskri menningu betur.

#### **Kennsluhættir**

Nemendur lesa danskar bækur og vinna verkefni. Ýmis orðaforðaverkefni þar sem unnið er bæði einstaklingslega og í hópum. Danskt efni á veraldarvefnum skoðað og unnin verkefni í tengslum við það.

#### **Námsmat**

Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 50%, hópverkefni 20%, einstaklingsverkefni 30%

### Spænska

#### **Markmið**

Að nemandinn

fái innsýn í spænsku og geti undirbúið frekara nám í framhaldsskóla.

geti lesið einfaldan texta

geti kynnt sig og nánasta umhverfi í töluðu og rituðu máli.

auki orðaforðann markvisst.

kynnist beygingu reglulegra sagna og nokkrum óreglulegum sögnum í nútíð.

þjálfri færni sína í notkun orðabóka og uppflettirita.

kynnist menningu, landafræði og sögu Spánar.

#### **Kennslutilhögun**

Nemendur fá þjálfun í hlustun með textuðum og ótextuðum myndböndum,

hlustunaræfingum tengdum dægurlögum og samskiptum við kennara. Nemendur þjálf

munlega þátt námsins með samtalsæfingum, tveir saman og/eða í hópum og með

samtölum við kennara. Nemendur auka lesskilning með notkun textablaða, glósuvinna og

vinnu á netinu. Ritunarpátturinn er þjálfður með verkefnum og stílagarð. Nemendur læra

grunnatriði málfræðinnar og bera saman við móðurmál og jafnvel önnur tungumál með

markvissum málfræðiæfingum. Nemendur fá innsýn í menningu og lífnaðarhætti Spánverja

og kynnst landafræði og sögu Spánar með fyrirlesturum, myndböndum og bókum.

#### **Námsmat**

Verkefni annarinnar 50% og lokapróf 50%

### Tákn með tali (kennt í Njarðvíkurskóla)

#### **Markmið**

Að nemendur læri grunnatriði í notkun tákna með tali (TMT) og kynnist uppbyggingu þess.

Nemendur læri orðaforða/tákn sem tengjast fólki, nánasta umhverfi, tölum, litum, mat og

drykk. Kennari sýnir nemendum hvernig hvert tákn er myndað og þjálfar nemendur í að tjá

sig með táknum. Nemendur læri að spyrja einfaldra spurninga, gefa einföld fyrirmæli og

þjálfist í að tjá sig með táknum sín á milli. Nemendur fara í vettvangsferðir sem tengjast

námsefninu. Nemendur kynnst táknum úr fingrastafrófi heyrnarlausra.

#### **Námsmat**

Verkefnamappa nemenda er metin, gildir 20% af lokaeinkunn, námsbók, *Upp með hendur*

metin, gildir 10% af lokaeinkunn, sex kannanir úr námsefninu lagðar fyrir nemendur og

gildir hver könnun 10% af lokaeinkunn, vinnusemi og áhugi nemenda í tímum er metin og

gildir sem 10% af lokaeinkunn

## Aðrar greinar

### Stærðfræðigrunnur

#### Markmið

- að nemendur fái aukinn stuðning við námsefni 10. bekkjar
- að styrkja þá þætti sem koma fyrir í námsefni fyrri ára
- að styrkja grunn nemenda undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla

#### Kennslutilhögun

Valið er ætlað nemendum sem vilja fá meiri stuðning við námsefni 10. bekkjar eða standa ekki nógu vel í grunnatriðum stærðfræðinnar. Áhersla verður lögð á að styrkja þætti sem koma fyrir í námsefni 10. bekkjar en einnig verður farið í þætti úr námsefni fyrri ára. Markmiðið er að styrkja grunn nemenda undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla. Þetta val er upplagt fyrir þá sem vilja taka sig á í námi. Nemendur vinna bæði í skólanum og heima að verkefnum.

#### Námsmat

Heimadæmi og próf 40%, vinna og ástundun 30%, verkefni 20% og leiðabók og hugtakakort 10%

### Stærðfræði - II

#### Markmið

- að nemandi öðlist meiri leikni og þjálfun í stærðfræði og dýpri skilning á flóknari viðfangsefnum stærðfræðinnar
- að nemandi fái meiri stuðningur við námsefnið
- að styrkja nemendur undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla
- að nemandi þekki sögu stærðfræðinnar

#### Kennslutilhögun

Valið er ætlað nemendum sem eru í stærðfræði 103, nemendum sem stefna á samræmt próf í 9. bekk eða eru komnir lengra í námsefninu en samnemendur. Áhersla verður lögð á að aðstoða nemendur á þeirra forsendum og verða tímarnir að mestu leyti nýttir sem vinnutímar. Einnig verður saga stærðfræðinnar kynnt og ákveðin þemu tekin fyrir. Markmiðið er að styrkja nemendur undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 9., 10. bekk og í framhaldsskóla. Nemendur vinna bæði í skólanum og heima að verkefnum.

#### Námsmat

Vinna og ástundun 50%, verkefni 40% og leiðabók og hugtakakort 10%

### Mitt líf

#### Markmið

Að nemendur skoði lífsvenjur sínar og heilbrigði. Í lok áfangans eiga nemendur að hafa öðlast skilning á mikilvægi þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl.

#### Kennslutilhögun

Fjallað verður um þætti eins og hollt mataræði, hreyfingu, slökun, snyrtingu og hár. Lögð verður rík áhersla á forvarnir. Nemendur skoða sjálfsmynd sína, framkomu, samskiptamáta og viðhorf til einstaklinga í samfélaginu. Skoðaðar verða dyggðir eins og þolinmæði, tillitsemi og kurteisi.

#### Námsmat

Virkni og vinna í tímum 50% og verkefni 50%

### Uppeldi og menntun

#### Markmið

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin s.s. í grunnskóla, leikskóla og á bókasafni. Einnig öðlast nemendur grunnfærni í skyndihjálpi.

#### Kennsluhættir

Valáfanginn byrjar á námskeiði í skyndihjálpi.

Eftir það fara nemendur á vinnusvæði og eru á hverju svæði í 2 - 3 kennslustundir á viku í u.þ.b. 3-4 vikur í senn. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og í leikskólum. Nemendur skila stuttri greinagerð þegar kynningu á vinnusvæði lýkur.

#### Námsmat

Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 70%, verkefni 20% og kynning 10%

### Skák

#### Markmið

Að nemendur kynnist skáklistinni, læri mannganginn, einfaldar byrjanir, geti leyst ákveðnar skákstöður, geti tekið þátt í skákmóti.

#### Kennslutilhögun

Fyrirlestrar og verklegar æfingar

#### Námsmat

Mat lagt á vinnu í tímum og þau verkefni sem nemendur vinna að og skila til kennara.

## **Skrautskrift**

### **Markmið**

Að nemendur

- læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift
- læri myndun stafa, stafagerð, form þeirrar og lögun.
- læri einfaldar skreytingar s.s. lykkjur og skyggingar.

### **Kennslutilhögun**

Nemendur læra með tilsögn kennara að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tókum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og smám saman læra þeir einnig einfaldar skreytingar. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

### **Námsmat**

Yfir önnina safna nemendur öllum sínum verkefnum í nemendamöppu sem þeir skila í lok annar. Verkefnamappa 30%, heimavinna 10%, ástundun, virkni, áhugi og vinnubrögð 60%

## **Íþróttfræði**

### **Markmið**

Að nemandinn

fái aukna hreyfingu

öðlist grunnþekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta s.s næringarþörf og orkuþörf.

kunni skil á helstu hugtökum þjálfraðinnar s.s þoli, krafti, hraða, liðleika,

samhæfingu, upphitun, hvíld og endurheimt.

geti sett sér markmið og skipulagt hvernig hann nær þeim

### **Kennslutilhögun**

Í verklegum tímum fá nemendur sem mest að reyna sjálfir hinar ýmsu íþróttgreinar og mismunandi form þjálfunar. Í bóklegum tímum verða fyrirlestrar, glærur og glósur, ásamt verkefnavinnu. Spurt og spjallað. Nemendur munu vinna eitt stórt verkefni.

### **Námsmat**

50% verkefnavinna/próf, 20% stærra verkefni/ritgerð, 30% ástundun og virkni.

## **Íþróttir/þjálfun**

### **Þátttakendur**

Þetta valfag er fyrir nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

### **Markmið**

Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína

alvarlega og öðlast meiri skilning á uppbyggingu þjálfunarinnar og þeim þáttum sem áhrif hafa á árangur í íþróttum.

### **Kennslutilhögun**

Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttgreinar hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Heiðarskóli tilnefnir kennara sem hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru.

Nemendur mæta til fundar við kennara í Heiðaskóla í upphafi skólaárs, í nóvember, janúar og apríl. Fundirnir verða kl. 15:30 á virkum degi eða kl 14:00 á föstudegi og tekur hver fundur u.þ.b. 1 klst.

### **Námskröfur**

Nemendur mæta til allra æfinga sem þjálfari gerir kröfur um. Félag/deild viðkomandi íþróttgreinar leggur fram kennslu og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar, sbr. Handbók fyrirmyndarfélags ÍSÍ.

### **Námsmat**

Í lok skólaárs fá nemendur einkunn á vitnisburðarblað. Námsmat verður sett saman úr mati þjálfara á ástundun og einkunnum nemenda fyrir verkefni vetrarins.

## **Fjármál**

### **Markmið**

Að nemendur fái innsýn í heim viðskipta og kynnist mörgum hugtökum tengdum viðskiptum og fjármálum daglegs lífs.

Viðfangsefni: framboð og eftirspurn, álagning, vextir, sparnaður, verðbólga, lán, debetkort/ kreditkort, launaseðillinn, lífeyrissjóðir, skattar, Kauphöll Íslands, hlutabréf.

### **Kennslutilhögun**

Kynning á hugtökum, fyrirlestrar og verkefnavinna. Stefnt er að því að fá nokkra gesti úr atvinnu-/ viðskiptalífínu í heimsókn til að fara yfir ýmsa þætti tengda fjármálum.

### **Námsmat**

Verkefni, heimavinna, sjálfsmat og kennaraeinkunn fyrir þátttöku.

## Fjölbrautaáfangar

*Í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja*

### Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

**Stærðfræði:** Nauðsynlegt en ekki nægilegt skilyrði er að vera með yfir 8,5 – 9 í stærðfræði í 9. bekk.

**Íslenska, spænska, þýska:** Nauðsynlegt en ekki nægilegt skilyrði er að vera með yfir 8,5 – 9 í íslensku í 9. bekk.

**Enska:** Nauðsynlegt en ekki nægilegt skilyrði er að vera með yfir 8,5 – 9 í ensku í 9. bekk.

**NÝS – nýsköpun:** Nauðsynlegt er að hafa áhuga fyrir nýsköpun, hafa sýnt frjóa hugsun og góðan sjálfsaga.

**HVM – handavinna málmíðna:** Nauðsynlegt er að hafa náð góðum árangri í handavinnu.

### Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir 10. bekkingar sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 14:50 og þeim lýkur kl. 16:15.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti til Hönnu Maríu tengiliðar [hanna@fss.is](mailto:hanna@fss.is) eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögnum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnin heima.
- Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans [www.fss.is](http://www.fss.is) undir Skólinn og Skólareglur.

### Enska 103

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu sambengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokkasem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka.

### Íslenska 103

#### **Læsi, ritun, tjáning, málfræði**

Í áfanganum er áhersla lögð á að skoða ólíka texta, s.s. smásögur, skáldsögur og tímaritsgreinar og texta af Netinu frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði. Markmiðið er að nemendur þjálfu hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og kynnist um leið málfræðilegri og setningafræðilegri byggingu þeirra. Þá öðlist þeir einnig þjálfun í fjölbreyttri ritun og tjáningu og fá trú á eigin málhæfni í ræðu og riti. Nemendur fá tækifæri til að nota tölvu, handbækur og sem fjölbreyttust hjálpargögn.

### Stærðfræði 103

Jöfnur, rúmfræði og hlutföll. Lagður er grundvöllur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdarfærslum og lausnum verkefna og þrauta. Meginviðfangsefni eru á sviði rúmfræði en jafnframt er talnameðferð rifjuð upp og jöfnur. Fjallað er um nokkur hugtök evklíðskrar rúmfræði og hlutverk hennar í vestrænni menningu, hnitakerfið og jöfnu beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum. Auk styttri verkefna vinni nemendur heimadæmi og taki stöðupróf.

### Spænska 103

Málfræði og menning. Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Réttritun og framburður er æfður ásamt þjálfun í les-skilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttritun og lesskilningi.

### Þýska 103

Framburður og orðaforði. Kynnt verða þýskumælandi lönd, helstu samskipti milli þeirra og Íslands og skyldleiki íslensku og þýsku. Unnið er með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun fram-burðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

### Kynning á rafmagni – RAL 103

Í áfanganum fá nemendur að kynnst störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarársir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarársir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

### **Handavinna málmíðna – HVM 103**

Nemendur skulu kynna notkun helstu handverkfæra og vera færir um að velja þau og nota til smíða. Þeir kynna eðli og formunarmöguleikum helstu smíðamálma. Nemendur læra að beita algengum mælitækjum og gera sér grein fyrir því hve nákvæm vinnubrögð eru mikilvæg við málmsmíði. Að áfanganum loknum geta nemendur smíðað einfalda gripi.

### **Nýsköpun - NÝS 103**

Meginmarkmið áfangans er að örva og þroska nemendur með því að efla sköpunargáfu þeirra. Kenna nemendum ákveðin vinnubrögð eða feril frá hugmynd til afurðar. Nemendur skoða og skilgreina umhverfi sitt með aðferðum nýsköpunarinnar með það að markmiði að þeir verði næmir fyrir þörfum umhverfisins. Áhersla er lögð á að efla frumkvæði nemenda með því að þeir vinna með hugmyndir sínar og drauma.

### **Sjóvinna – SJÓ 103**

Markmið áfangans er að nemendur þekki helstu efni í köðlum og netagarni, helstu hnúta og geti splæst kaðla og víra til viðhalds veiðarfæra og kunni grunnatriði í netaviðgerðum. Nemendur kynna þeim verkfærum sem nauðsynleg eru til þessara aðgerða.

### **Trésmíði - TRÉ 102**

Nemendur teikna, hanna og smíða verkefni að eigin vali með aðstoð og leiðsögn kennara. Helstu markmið eru að nemendur fái innsýn í notkun ýmissa efna og vinnslu þeirra í trésmíði og kynnist notkun helstu verkfæra. Áfanginn er góður grunnur að námi í húsasmíði og húsgagnasmíði. Áfanginn getur nýst sem óbundið val á ýmsum námsbrautum. Athugið að þessi áfangi verður einungis kenndur á haustönn og því þurfa nemendur að mæta tvisvar í viku.



### **Samræmd próf og framhaldsskólinn**

Samkvæmt reglugerð um samræmd próf í 10. bekk nr. 414/2000 er nemendum ekki skylt að taka samræmd próf heldur er þeim gefinn kostur á að taka prófin. Mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla og val í 9. og 10. bekk leiðir til þess að nemandinn ákveður sjálfur í samráði við foreldra sína hvaða samræmd próf hann tekur, allt eftir því hvert hann stefnir í framhaldsnámi.

Vorið 2009 stendur nemendum í 10. bekk til boða að þreyta samræmd lokapróf. Með auknu valfrelsi er stuðlað að því að nemendur taki meiri ábyrgð á sínu námi. Nemendur þurfa að skrá sig í þau próf sem þeir hyggjast þreyta á þar til gerð eyðublöð sem umsjónarkennari afhendir nemendum og innheimtir. Framhaldsskólar taka mið af einkunnum á samræmdum prófum og skólaeinkunn við inntöku í skólana.

Mikilvægt er að nemendur og forráðamenn þeirra hugi vel að framtíðaráformum þegar ákvörðun um hvaða samræmd próf nemandi skráir sig í og hafi prófin í huga þegar ákvörðun um valgreinar eru teknar. Við bendum á að m.a. er boðið upp á val í íslensku og stærðfræði þar sem farið er í grunnatriði og styrkja nemendur sem einhverja hluta vegna finnst þeir ekki hafa náð grunnatriðum. Einnig er boðið upp á valáfanga í náttúrufræði og sögu og þeir áfangar nýtast vel fyrir áframhaldandi nám í þessum greinum í framhaldsskóla sem og undirbúningur fyrir samræmdu prófin.

Nánari upplýsingar um samræmdu prófin og framhaldsskólann fá nemendur í haust. Gagnlegar upplýsingar um samræmdu prófin er að finna á vefsíðu Námsmatsstofnunar <http://www.namsmat.is> og um inntökuskilyrði í framhaldsskóla á vef <http://www.mrn.stj.is/>.

### **Inntökuskilyrði í framhaldsskóla**

Taflan sýnir þau samræmdu próf sem nemandi þarf að taka til að komast inn á ákveðnar brautir í framhaldsskóla. Lágmarkseinkunnir eru mismunandi eftir brautum og einnig hvaða samræmd próf þarf að taka.

Almennar brautir	Starfsbrautir/ Verknám	Málabraut	Náttúrufræði- braut	Félagsfræðibraut	Listabraut
Ef nemandi tekur ekkert samræmt próf eða fellur í 2—3 greinum fer hann inn á almenna braut í framhaldsskóla.	Íslenska Stærðfræði  Meðaltal 5,0 Lágmark SE 4,5	Íslenska Danska Enska Meðaltal 6,0 Lágmark SE 5,0  Stærðfræði Meðaltal 5,0 Lágmark SE 4,5	Íslenska Stærðfræði Náttúrufræði Meðaltal 6,0 Lágmark SE 5,0  Enska Meðaltal 5,0 Lágmark SE 4,5	Íslenska Enska Samfélagsgreinar Meðaltal 6,0 Lágmark SE 5,0  Stærðfræði Meðaltal 5,0 Lágmark SE 4,5	Íslenska Stærðfræði  Meðaltal 5,0 Lágmark SE 4,5  Listnám

SE: Samræmd einkunn